

## 98. Aðalfundur Félags pípulagningameistara

Stjórnarmenn fylgdust vel með því sem fram fór. Á litlu myndinni að neðan er Benedikt Sverrisson, fundarstjóri.



## haldinn á Hótel Vesturlandi í Borgarnesi

Það var hraglandi í loftinu þegar ritstjóri Fréttapíps lagði af stað frá Mosfellsbæ (heimabæ ritstjóra) upp í Borgarnes, laugardaginn 28. mars s.l. Þar var framundan 98. Aðalfundur Félags pípuklaningameistara fyrir starfsárið 2025-2026, sem að venju var haldinn utan Stór-Reykjavíkursvæðisins. Veðurútlitið var sem sé ekki sem allra best. Reyndar spáði þolanlegum


hraglanda fram eftir degi, en svo átti að skella á með roki og mikilli ofankomu, upp úr 17:30 sem sannarlega rættist. Meiningin var að komast af stað fyrir þennan hvell, en tókst ekki betur til en svo, að ritstjórinn sat fastur upp við Klébergsskóla á Kjalarnesi í 4 klukkutíma. Allt samt í heitum bíl og með

– Sjá framhald á bls. 2 & 3

**Húsasmiðjan færði pípudeild BORGÓ góðar gjafir – Bls. 14&15**



**Gunnar Ásgeir, fagstjóri pípulagna-deildar Tækniskólans í Hafnarfirði ritar um Euro-Skills æfingakeppninna**  
– Sjá bls. 12



**Frá fjarfundarfyrirlestri Gunnars á Aðalfundinum**

# 9ÁR Í RÖÐ



ÍSLENSKA  
ÁNÆGJUVOGIN

& **BYKO**

BYKO er efst í könnun á ánægju viðskiptavina byggingavöruverslana

**MÜPRO**  
**EINFALT**  
**FESTINGAKERFI**  
Ryðfríar brautir og rörafestingar

Sjáðu nánar á [loft.is](http://loft.is)

Röraklemmur    Brautarkjálkar    Brautarfestingar    Brautir 2-6 m.

**LOFT&RAFTÆKI** | Vatnsorka | Hjallabrekka 1 - Dalbrekkumegin | Sí: 564 3000

# 98. Aðalfundur Félags pípu- lagningameistara var hald- inn á Hótel Vesturlandi í Borgarnesi 28 mars s.l.

*Framhald greinar af forsiðu...*

snjallsímann til að stytta stundirnar meðan stórhriðin og rokið hamaðist næstu fjóra tímána.

En snúum okkur að 98. Aðalfundi Félag pípu-  
lagningameistara. Böðvar Ingi Guðbjartsson, formaður félagsins seti fundinn stund-  
víslega kl. 15:00. Hann gerði að tillögu sinni að Benedikt Sverisson  
tæki að sér fundarstjórn og var það samþykkt samhljóða. Benedikt  
bauð Böðvari Inga að koma uppí pontu og flytja skýrslu stjórnar  
fyrir starfsárið 2025-2026 (sjá samantekt úr skýrslu Böðvars Inga  
hér síðar í greininni).

Rúnar Helgason, gjaldkeri, kom upp og fór yfir reikninga félagsins  
og svaraði fyrirspurnum. Rúnar lagði einnig frá fjárhagsáætlun  
fyrir starfsárið 2026-2027.

Engar tillögu komu fram um breytingar á stjórn og var hún því  
endirkjörin fyrir næsta starfsár.

Var síðan gert kafihlé.

Að loknu kaffihléi kom Böðvar Ingi upp í pontu og fór yfir stöðu

**Hágæða  
vinnuföt  
í miklu úrvali**  
Sérmerkjum fyrir fyrirtæki

**Snickers**  
WORKWEAR

**DUNDERDON**

Miklu úrval af dryggisvörum

**UVEX** **MAKAI** **ODD**  
**YU BRAND** **Skarpvæð** **Wald**

Nú fást **Snickers** vinnuföt í **BYKO** **HILTI**  
Verkfæri og festingar

**HAGI ehf** Stórnúlla 37 • 110 Reykjavík • Sí. 414-0700 • [hagi@hagi.is](mailto:hagi@hagi.is) • [Hagi.is](http://Hagi.is) HILTI



**Fréttapíp**  
FRÉTTARIT FÉLAGS PÍPULAGNINGAMEISTARA

Fréttarit og kynningarblað Félags pípu-  
lagningameistara. Blaðinu er  
dreift til félagsmanna FP. Fréttapípi er einnig dreift inn á helstu Verkræði-  
og Arkitektastofur, Byggingafulltrúa og á Innkaupastofnanir bæjarfélaga,  
til Ríkiskaupa og fleiri aðila sem koma að mannvirkjagerð, viðhaldsverk-  
efnum og breytingum.  
Útg.: Samfélagsmiðlar Akka ehf. Ritstjóri: Guðjón Smári, sími 898 4337.





**Böðvar Ingi Guðbjartsson, formaður Félags pípulagningameistara flutti skýrslu stjórnar.**



**Rúnar Helgason, viðtakandi gjaldkeri félagsins.**



**Kári Samúelsson, gjaldkeri, fór yfir reikninga félagsins og sjóða.**

kærumála vegna leyfisveitinga. Fjöl margar fyrirspurnir komu frá félagsmönnum. Kom fram í máli Böðvars Inga að EnicNaric hefur stöðvað frekari útgáfu á meistarabréfum, þar til kærumál hafa verið leid til lykta. Umræður urðu um frekari þátttöku FP í keppnum í pípulögnum. Böðvar Ingi og Kári Samúelsson fluttu ávarp varðandi málið (sjá greins á bls. 5). Fram kom að í könnun meðal félagsmanna sem fram fór um þátttöku FP í EroSkills var niðurstaðan eftirfarandi: **51,6% sögðu já, 35,5% sögðu nei, 12,9% voru óákvöðir.** Var samþykkt að stofan vinnuhóp til að halda utan um verefnið í framhaldinu.

Ámundi Rögnvaldsson kom upp og gerði grein fyrir stöðu mála vegna samtals við Norðurorku.

### Skýrsla stjórnar

Stjórnin hélt 9 stjórnarfundum á starfsárinu og töluvert fleiri óformlega fundum, vinnufundi og mikið samtal inni á messenger.

### Nefndarstörf á árinu:

**Styrktarsjóður.** Nánar um styrktarsjóð undir lið nr. 3 Skýrslur nefnda. Það hefur dregið til tíðinda varðandi styrktarsjóð þar sem öll nefndin hefur sagt sig frá störfum. Styrktarsjóður er með sér kennitölu og hugmyndir eru um að leggja þá kennitölu niður og hafa eina kennitölu, kennitölu FP. Það mun auðvelda allt bókhald ásamt vinnu við ársreikninginn. Ríki í ríkinu. Ekki stendur til að leggja niður sjálfa nefndina.

**Félagatal.** Byko hefur þrisvar gefið út Félagatalið og Vatn og Veitur taka núna við útgáfu Félagatalsins. Róbert í Vatn & Veitum er mjög spenntur að fá að taka við keflinu.

Tengi er með fyrir FP rafræna upplýsingasíðu tengda við okkar heimasíðu sem er inni á síðunni okkar piparinn.is undir Fræðsla – Handbók pípulagnameistarans.

Einnig má finna undir Fræðsla síðuna vatnsiðnaður.net þar sem er að finna



**Ámundi Rögnvaldsson, ritari.**



**Guðmundur Páll kom í pontu.**



**Snæbjörn Reynir Rafnsson, flutti erindi um endurræsingu netsvæðisins: Íslenskir pípulagningasmenn.**

**DÆLUR Í FREMSTA GÆÐAFLOKKI**

**GRUNDFOS**

**TENGI** GÆÐI • ÞJÓNUSTA • ÁBYRGÐ • ÞAÐ ER TENGI

www.tengi.is | Kópavogi ☎ 414 1000 | Akureyri ☎ 414 1050 | Selfossi ☎ 414 1040

mikinn fróðleik um pípulagnir ásamt miklum fjölda annarra greina og fróðleiks.

**Gæða- og Úrskurðarnefnd.** Nokkur mál hafa ratað inn á borð Gæða- og úrskurðarnefndar. Björn Ágúst Björnsson félagsmaður hefur tekið að sér að gera skýrslur sem viðkomandi aðilar hafa greitt fyrir. Hin málin var hægt að leysa í tölvupósti með því að varða leiðina fyrir neytendur. Síðan getur verið snúið að eiga við mál sem snúa að meðlimum í stjórn og þar þarf að skerpa á verklagi stjórnar.

**Bláaútgáfa.** Félag Pípulagningameistara gaf út þrjú blöð á stjórnarárinu, Fréttapíp. Þessum blöðum var síðan dreift á yfir tvö hundruð staði, til allra byggingarfulltrúa landsins, valdar verkfræðistofur, arkitektastofur, SI og fleiri staði. Stjórn FP þakkar Guðjóni Smára fyrir að bera þungann af útgáfu Fréttapíps. Öll blöðin eru aðgengileg inn á vef okkar piparinn.is eða um 26 talsins.

**Íslandsmót Iðn- og verkgreina.** Er fyrirhugað á næsta ári. Íslandsmót iðn- og verkgreina. EuroSkills – áframhald. (Sjá grein hér til hliðar á bls. 5). Ríkjandi Íslandsmeistari Þorgeir Sær Gíslason sem varð Íslandsmeistari í pípulögnum 2025 kemur til með að keppa í Pýskalandi á næsta ári 2027. Meistari Þorgeirs er Kári Samúelsson.



Miðað við umfangið sem snýr að Íslandsmóti Iðn- og verkgreina og EuroSkills er tillaga um að stofna nefnd til að halda utan um þessar keppnir.

Nefndin: Íslandsmót og EuroSkills. En nánar um þetta mál á eftir.

**Kjararátt.** Kjarasamningar milli Samiðnar og Samtaka atvinnulífsins

Kjarasamningur var undirritaður í mars 2024 á milli Samiðnar og Samtaka atvinnulífsins sem að fól í sér breytingar og viðbætur á m.a. kjarasamningi Samiðnar við Félag pípulagningameistara. Gildandi samningur er í gildi til 31. janúar 2028. Kannski mun verðbólgan hafa áhrif á þann tíma...

Gagnvart félagsmönnum FP gilda allir almennir skilmálar samningsins og taka því laun hlutfallshækkun, með krónutöluhækkun að lágmarki:

1. febrúar 2024:	3,25% eða 23.750 kr.
1. janúar 2025:	3,50% eða 23.750 kr.
1. janúar 2026:	3,50% eða 23.750 kr.
1. janúar 2027:	3,50% eða 23.750 kr.

Með mánaðarlaunum er átt við fóst mánaðarlaun fyrir dagvinnu. Þó koma eftirfarandi þættir fram í samningnum sem varða sérstaklega FP en það eru þá fyrst og fremst kaupfaxtar á samningstímabilinu og ákvæði um orlofsauka.

Kjarasamningur hefur ekki verið uppfærður milli kjarasamninga og því er ekki til samstæður samningur þar sem öll gild ákvæði eru sett saman í eitt skjal.

SA ætluðu alltaf að uppfæra kjarasamninginn og setja í eitt samfellt skjal en ekkert varð úr þeirri vinnu hjá þeim.

Vekja athygli á að namar hækka í launum samhliða frammistöðu Ferilbókar og jafnframt vekja athygli ykkar á grein frá formanni sveinsprófsnefndar í Fréttapíp þar sem meistarar eru hvattir til þess að gæta þess að senda ekki iðnnemana í sveinspróf of snemma.

Látið þá vinna sem nemur 96 vikum eins og ætlast er til í vinnustaðanáminu. Fall í sveinsprófi hefur stóruáhrif með aðkomu Ferilbókar.

Mitt mat er að Ferilbókin, án lágmarkstíma, er gjaldfelling iðnnámsins.

**Húsnæðismál.** Erum í Stórhöfða 29, 110 Reykjavík.

**Heimasíðan.** Mikil umferð er um heimasíðuna hjá okkur piparinn.is Heimasíðan er reglulega auglýst og þar eru að finna fullt af nytsamlegum upplýsingum. Birgir Júlíus Sigursteinsson (Júlli), félagsmaður FP, er vefsíðustjóri piparinn.is

**Stjórnin.** Samkvæmt lögum FP í 5. gr. kemur fram að stjórnarmenn eru kosnir til tveggja ára formaður og varamaður til eins árs. Árni Gunnar Ingþórsson og Ámundi Rögnvaldsson hafa lokið sínu kjörtímabili og gefa kost á sér áfram í stjórn.

Þórður Gísli Guðfinnsson og Rúnar Helgason eiga eitt ár eftir af sínu kjörtímabili.

Elfás Fannar Stefnisson gefur kost á sér í varamann í stjórn.

Ég Böðvar Ingi Guðbjartsson gef kost á mér sem formaður FP.

**Lögfræðimál.** Eins og fram er komið var kærð FP gegn Atvinnuvegaráðuneytinu vísað frá vegna formgalla. Kæran hefði átt að beinast að sýslumanni en ekki ráðuneytinu.. Það tók ráðuneytið 1 ár að svara okkur. Ágallar á kærinni komu strax í ljós þegar lögfræðingur FP tók við málinu af SI. Það var því fyrir séð að kærinni yrði vísað frá. Þetta voru auðvitað viss – *Sjá framhald greinar á bls. 6*



## Allt fyrir pípulagnirnar

Lagnadeild Fagmannaverslunar Húsasmiðjunnar

Hafðu samband við Stefán Jan varðandi ráðgjöf og tilboð.

Stefán Jan  
Sölustjóri lagnaverslunar  
stefanjan@husa.is - Sími: 664 3666





## Áframhaldandi þátttaka í keppnum í pípulögnum er afar mikilvægt atriði

Miklar umræður urðu á aðalfundinum um þátttöku Félags pípulagningameistara í keppnum eins og Íslandsmóti iðn- og verkgreina og EuroSkills. Kári Samúelsson, fráfaramandi gjaldkeri Félags pípulagningameistara kom í pontu og hélt tölu um þetta málefni, sem fer hér á eftir:

Af eigin reynslu tel ég mikilvægt að halda þessari þátttöku áfram. Og ég hef líka séð aaf eigin reynslu að þátttaka í keppnum eins Íslandsmóti iðn- og verkgreina og EuroSkills getur verið afar dýrmætt fyrir ungt fagfólk, bæði faglega og persónulega. Slík reynsla styrkir sjálfstraust, eykur faglegan metnað og veitir þátttakendum einstakt tækifæri til að bera sig saman við og sjá þekkingu sína og vinnubrögð í samanburði við það sem best gerist í Evrópu.

Ef við lítum svo á að það sé sjálfsagt að styðja börn og ungmenni sem ná langt í íþróttum eða öðru alþjóðlegu starfi, þá ætti það sama að gilda um þau sem skara fram úr í iðn- og verkgreinum. Árangur í faggrein á ekki síður skilið sýnileika, stuðning og virðingu.

Eitt af mikilvægustu hlutverkum félags pípulagningameistara er að standa vörð um virðingu fagsins og efla ímynd þess út á við. Þátttaka í Íslandsmóti iðn- og verkgreina og EuroSkills er öflug leið til að gera það. Hún skapar vettvang til að kynna fagið, vekja athygli á þeirri kunnáttu sem í greininni býr og sýna samfélaginu gæði, fagmennsku og metnað þeirra sem starfa innan hennar.

Þótt ljóst sé að þátttaka krefjist bæði tíma og fjármagns, þá má einnig horfa til þess að ávinningurinn er ekki einungis bundinn við þann einstakling sem keppir. Ávinningurinn skilar sér einnig til fagsins, nýliðunar, sýnileika greinarinnar og þeirrar virðingar sem við viljum að hún njóti til framtíðar.

Með áframhaldandi þátttöku sendum við skýr skilaboð um að fagmennska, verkvit og handverk hafi raunverulegt gildi og að þeir sem skara fram úr á því sviði eiga skilið að fá tækifæri til að vaxa, njóta viðurkenningar og vera fyrirmyndir annarra.

**PENTAIR**  
JUNG PUMPEN

**set**  
www.set.is

TRAUSTAR BRUNNDÆLUR  
FYRIR HEIMILI OG IÐNAÐ



U3KS



MultiDrain



MultiFree

Set | Rör | Dælur | Tengistykki

Við tokum vel á móti þér að Klettagöðrum 21  
Sími: 480 2700 | Netfang: sala@set.is

# Stjórn Félags pípulagningameistara fyrir starfsárið 2026-2027



Stjórn félags pípulagningameistara fyrir starfsárið 2026-2027, talið frá vinstri:

Rúnar Helgason, gjaldkeri, Þórður Gísli Guðfinnsson, stjórnarmaður, Elías Fannar Stefánsson, varamaður, Böðvar Ingi Guðbjartsson, formaður, Árni Gunnar Ingþórsson, varaformaður og Ámundi Rögnvaldsson, ritari.

vonbrigði en stjórn FP var búin að nefna það við SI á sínum tíma að beina kærurni að sýslumanni.

Í október 2025 stefndi FP íslenska ríkinu og sýslumanni fyrir ólöglegar leyfisveitingar. Ríkið bað um frest og fékk frest fram í janúar 2026 til að skila inn greinargerða og hafa félagsmenn fengið greinargerðina senda til sín í tölvupósti.

Íslenska ríkið fer fram á frávísun og verður það mál tekið fyrir 31. mars 2026. Ef málinu verður ekki vísað frá má búast við að málið verði tekið fyrir í maí eða til vara eftir sumarfrí.

**Menningar og skemmtinefnd.** Það er töluverður tími sem fer í að skipuleggja jólaskeið og árshátíð ásamt afþreyingu fyrir maka og vil ég því þakka menningar og skemmtinefnd fyrir þeirra framlag og ég tek fram að ég hlakka mikið til kvöldins.

Einnig er vinna hafin við að finna viðburðarstjóra fyrir 100 ára afmæli FP.

**Hugverkastofa.** Eins og komið hefur fram þá erum við komnir með skráningarskrírteini fyrir merkið okkar / logoið okkar. Engin má nota logo FP nema með leyfi og samþykki stjórnar FP. Um notkun merkisins gilda ákveðnar reglur sem félagsmenn eru hvattir til að kynna sér. Nánar um þær upplýsingar eru að finna á heimasíðunni okkar [piparinn.is](http://piparinn.is)

**Sögu- og minjanefnd.** Þorgeir og Hilmar hafa verið að hitta og heyra í heldri mönnum FP til að ná í sögur liðinna tíma sem eiga erindi í bókina okkar, Saga FP í 100 ár, sem stefnt er á að gefa út árið 2028 þegar FP verður 100 ára. Sagnfræðingurinn Sigurgeir Guðjónsson sér um að rita bókina. Þorgeir og Hilmar áttu ekki tæk á því að koma á fundinn. Undirritaður hef mætt í tvö viðtöl, Marínó Sigursteinsson og Davíð Atla Oddson og tekið upp á símann. Sagnfræðingurinn finnst það miklu þetra að heyra samtalið og tekur sér kaffi og hlustar á eins og hann væri á staðnum. Það er Imagnað að heyra þessar frásagnir enda er sagan okkar stór-merkileg.

**REYNSLA FAGMENNSKA METNAÐUR**

Byggingarfélag Gylfa og Gunnars hf. Borgartún 31 Sími: 562 2991 [www.bygg.is](http://www.bygg.is)

**GCP Europe.** Öllu erlendu samstarfi hefur verið frestað sakir dómsmáls FP gegn íslenska ríkinu sakir kostnaðar.

**Píparasveit Almanna- og Félagsráðgjafar – Félag pípulagningameistara.** Guðlaugur Freyr Jónsson og Viktor Hrafn Einarsson ásamt formanni eru í umræddri nefnd. Hugmyndin er að vera með tilbúið verkleg ef kalla þyrfti út tugi pípara eins og raungerðist við jarðhræringarnar á Reykjanesinu þar sem FP kom að björgun verðmæta í Grindavík og síðar á Reykjanesinu.

#### **Að lokum nokkur mál frá fundargerðum stjórnar:**

Tökum þátt í Fánaborg Iðnaðarmannafélagið í R.vík. þar sem sveinar með framúrskarandi einkunn í sveinsprófi voru heiðraðir. Afhending sveinsbréfa. FP sér um að gefa gjöf fyrir hæstu einkunn í sveinsrum að safna lista yfir þau fyrirtæki sem verða kærð þegar nær dregur. Rætt er um að fara leiðir til að auka félagsmenn í félaginu, til dæmis með að bjóða fyrsta árið frítt hjá þeim sem eru nýútskrifaðir úr Meistaraskólanum. Félagsmenn eru einnig hvattir til að bjóða þeim sem eru p.meistarar og ekki innan FP að koma í inn í FP, sitt hagsmunafélag. Iðnaðarmannafélagið í Reykjavík hafði samband við undirritaðann þar sem óskað var eftir að undirritaður flytti fyrirlestur um aðkomu FP varðandi verðmætabjörgun inni í Grindavík. Fyrirlesturinn var fyrir fagfélög á Norðurlöndunum og vakti fyrirlesturinn mikla lukku sem varð til þess að undirritaður var aftur með fyrirlestur á aðalfundi Iðnaðarmannafélagsins í Reykjavík fyrir fullu húsi.

Til að upplýsa ykkur félagsmenn þá hefur farið töluverður mikill tími í stefnuna og spannar sá tíma frá síðasta hausti fram til dagsins í dag og er málinu ekki ennþá lokið.

Hef átt fundi með lögfræðingi FIT varðandi útgáfu sveinsbréfa frá Austur-Evrópu til jafns við sveinsbréf Íslendinga. Undirritaður hefur einnig vakið máls á málaferlum FP en kannski fundist félagsmenn ekki nægilega duglegir að dreifa áfram.

Félagsmaður, búsettur í Fjallabyggð, hafði samband við FP til að benda á að smíðafyrirtæki sem tæki að sér verkefni fyrir Fjallabyggð væri einnig að fara í störf pípulagna án þess að meistari væri í forsvari fyrir þau verkefni. FP sendi erindi til bæjarstjórnar Fjallabyggðar sem þakkaði fyrir ábendinguna. FP mun síðan fylgja þessu máli eftir.

Sýslumaðurinn á Vestfjörðum bað FP um álit varðandi afhendingu á meistarabréfi og FP gaf sitt álit sem varð til þess að sýslumaður fór í einu og öllu eftir álitu FP. Einnig hafði sýslumaðurinn á Austurlandi og bað FP um sambærilegt álit sem varð einnig til þess að sýslumaður fór í einu og öllu eftir álitu FP. Það að sýslumaður leiti til FP er klárlega merki þess að FP hefur verið sýnilegt í fjölmiðlum þar sem meðal annars hefur verið bent á hlutverk sýslumanns við að meta réttmæti gagna með aðkomu landssambandi meistarafélags.

Þann 11. október fórum við í FP í vísindaferð til Vestmannaeyja þar sem við komum við hjá pípulagningafyrirtækinu Miðstöðin. Félagsmaðurinn Marinó sem býr í Vestmannaeyjum ætlaði að taka á móti okkur en þurfti frá að hverfa vegna aðgerðar en sonur hans Bjarni Ólafur tók á móti okkur. Við skoðuðm fyrirtækið Laxey sem er fiskeldi á landi. Fengum síðan leiðsögn

um Eyjuna með viðkomu í Eldheimum og fórum síðan út að borða á Einsa kalda. Herjólfur var síðan tekinn til baka og vorum við komnir í bæinn um kl.22 eftir vel heppnaða ferð.

Erum einnig að prófa okkur áfram með að auglýsa á samfélagsmiðlum FB og Insta og munum minnka í útvarpi en hafa það einnig með. Og er þetta bara brot af þeim málum sem stjórn FP hefur verið að eiga við! Aðsókn í FP hefur verið góð undanfarin ár að mati stjórnar eða yfir 80 nýjrir félagsmenn frá 2020. Það eiga allir pípulagningameistarar að vera í FP, félagi sem berst fyrir hagsmunum pípulagningameistara.

**Samstaða – Hagsmunir – Sýnileiki** eru kjörorð félagsins.

Að lokum vil ég nota þetta tækifæri og þakka öllum stjórnar- og nefndarmönnum frábært samstarf. Ágætu félagsmenn, félag okkar er traust og gott félag. Góður og öflugur málsvari fyrir sína félagsmenn. Við sem erum í stjórn, í ykkar umboði, stöndum vörð um félagið og munum gera okkar besta til að félagið megi lifa og dafna um ókomna framtíð.

*Böðvar Ingi Guðbjartsson,  
formaður Félags pípulagningameistara.*

## 20 nýir félagsmenn bættust í hópinn hjá FP

Það fjölgar jafnt og þétt í Félagi pípulagningameistara. Á stjórnarárinu 2025-2026 gengu inn í félagið 20 manns. Þeir sem gengu í félagið á þessu stjórnarári eru eftirtaldir:

Albert Marel Róbertsson  
Arni Baldvin Þórðarson  
Atli Már Báruson  
Daníel Birgir Björgvinsson  
Eyjólfur Rafn Birgisson  
Fannar Freyr Sigurðsson  
Finnur Ingi Sölvason  
Friðgeir Rúnarsson  
Georg Adam Ellertsson  
Gísli Ellertsson  
Guðjón Þórsson  
Hafsteinn R Helgason  
Halldór Karl Ólafsson  
Jóakim Páll Pálsson Håslar

Kristján Sigurþórsson  
Lukasz Andrzej Ochendowski  
Örn Viljar Kjartansson  
Sölvi Þór Baldursson  
Sturlaugur Orri Hauksson  
Trausti Bergmann



**SABIANA**

Hítblásarar með sterkt element úr stáli sem þolir hitaveituvatn.

**BYKO**

SAABIAN Hítblásarar Hítblásarar, 7-40 KW. Vett. 27500913-25

**Ertu að fara í gólfhitann?**  
Þá eru flooré gólfhitaplötunar lausnin fyrir þig

- **Sænsk gæðahönnun.**  
Engin fræsing og ekkert flöt. Plötur eru lindar beint á gólfhlötinn.
- **Jöfn og góð hitadreifing.**  
Álkkæðning tryggir jafna varmaleiðni.
- **Plötur fást í þykktunum**  
13, 17 og 25 mm fyrir 12 og 16 mm rör.

1. Gólfhlöt  
2. Flooré Gólfplötur  
3. Gólfstaur

**Hringás**  
Innanhússlagnir og svo margt fleira

flooré

597-1330 Skemmurvegur 6  
bás gata - 200 Kópavogi

hringas@hringas.is hringas.is

# Það var Meistarabragur yfir félögum FP og mökum þeirra þar sem slakað var á í góðu spjalli áður en Aðalfundur félagsins hófst



**IÐAN**  
PRÓUN & ÞEKING Í 20 ÁR

Þróun og þekking í 20 ár

## Við eigum afmæli!

Í tilefni 20 ára afmælis Iðunnar fær félagsfólk fræðslusetursins frítt vefnámskeið að eigin vali

Skoðaðu bæklinginn og finndu námskeið sem þú vilt sækja.





## STOÐ OG STYTTA HÚSBYGGJENDA

- Álpallar • Vinnupallar, úti og inni • Kerfispallar
- Hjólapallar, einfaldir og tvöfaldir • Víralyftur
- Tröppur & stigar í úrvali
- Loftastoðir • Net á vinnupalla

Það er  
yðar hagur  
að skipta við  
fagmenn!



STOÐ pallaleiga ehf. – Tungutáls 17 – 110 Reykjavík – Sími 571 0600 – Fax 567 5110 – www.pallaleiga.is – Netf. pallaleiga@pallaleiga.is

**Snickers**  
WORKWEAR



## Hágæða vinnuföt fyrir alla

**mikið úrval**

Sérmerkjum fyrir fyrirtæki

Barna og unglingsföt  
2-14 ára, stærðir 98-164

Mikið úrval af öryggisvörum



**HILTI**

Verkfæri og festingar

Opíð: 8-18 virka daga – 10-12 laugardaga  
(1 júní – ágúst er lokað á laugardögum)

Snickers vinnuföt fást einnig í **BYKO**



HAGI ehf. Stórhöfða 37 • 110 Reykjavík • S. 414 3700 • hagi@hagi.is • hagi.is • HAGI ehf HILTI

**BOSCH**  
Invented for life



**BLÁR BOSCH FÆST  
Í FAGVERSLUN  
BYKO SELHELLU**

**BYKO**  
LEIGA

www.byko.is/leiga

**vatnsidnadur.net**  
 – Gagnagrunnur  
 – Pekking  
 – Saga



vatnsidnadur@vatnsidnadur.net



**S.Á.LAGNIR** ehf  
 Súluhöfða 41 - 270 Mosfellsbæ  
**GSM 892 3287**  
 salagnirehf@gmail.com



**Múltiverk** ehf.  
 Lagarbraut 4  
 700 Egilsstöðum  
**GSM 845 5868**  
 multiverk@multiverk.is

Flugumýri 30 – Mosfellsbæ  
**GSM: 771 7100**  
 sigurdur@kraftlagnir.is



**KRAFTLAGNIR** ehf.  
 pípuþjónustaverktakar

**H2O LAGNIR**

Laxatungu 187 - 270 Mosfellsbæ  
**GSM 662 3235 - h2o@h2olagnir.is**

**króm og hvítt**

Króm og Hvítt ehf. - Álaleyru 7 - 780 Höfn  
 Sími 478 2099 - GSM. 861 0291  
 kromoghvitt@simnet.is

**RÖRTÖNGIN**  
 Löggiltur pípuþjóningameistari

Akraseli 3  
 109 Reykjavík  
 rortongin@gmail.com **GSM 846 1184**



**AH pípuþjóningur** ehf.  
 - Suðurhrauni 12c  
 - 210 Garðabæ  
 - Sími 555 7012  
 - **GSM. 822 4600**  
 andres@pipulagnir.is



**V.S. pípuþjóningur** ehf.  
 Fannafold 168  
 112 Reykjavík  
**GSM 821 1045**  
 vignir76@gmail.com



**ADALLAGNIR**  
 pípuþjóningabjónusta

ADALLAGNIR ehf. -  
 Smiðjuvegi 58 - 200 Kópavogi  
 adallagnir@adallagnir.is  
**Sími 519 5757**



**META** ehf.  
 Grímseyri 6 – 750 Fáskrúðsfirði  
**GSM 895 2709** – oli@metaehf.is

**Lagnaþjónusta**  
**Suðurnesja ehf.**  
 Pípuþjóningaverktaki

Hólmeigsbraut 17 – 230 Reykjanesbær  
**GSM 896 6691** – runar@lagna.is



**E. VILJAR**  
 PÍPULAGNIR OG GAS

Allar almennar gas- og pípuþjóningur  
 Einstaklingar - Hösfélög - Fyrirtæki  
 ☎ 616 9611 ✉ eviljar@eviljar.is 🌐 www.eviljar.is

**RENNSLI** ehf.  
 pípuþjóningur • sími 696 8054

Akralind 1 - 201 Kópavogur  
**GSM: 696 8054 - rennsli@rennsli.is**



**Lagnir og Lausnir** ehf  
 Ykkar óskir okkar lausnir

Miðengi 8 – 800 Selfossi  
**GSM 660 1580 & 660 1581**  
 lagniroglausnir@gmail.com



**MS LAGNIR**

Stakkhömrum 17 – 112 Reykjavík  
**GSM 867 5359** - mslagnir@mslagnir.is



**Bubbi Pípari** ehf.  
 Lyngbergi 23 – 221 Hafnarfirði  
**GSM 897 7946**  
 bubbi pipari@simnet.is



**PÍPULAGNIR**  
**SUÐURLANDS**

Háheiði 10 - 800 Selfossi - psud@psud.is  
**GSM 699 1985 & 823 6656**



**GÓ pípuþjóningur** ehf.  
 Breiðdagerði 8  
 108 Reykjavík  
**GSM 695 0170**  
 ottar@piparar.is



**Lagnabraeður** ehf.  
 Blikaási 5 – 221 Hafnarfirði  
**GSM 663 7200**  
 einar@lagnabraeður.is

**Lagnabraeður** ehf



**HS pípuþjóningur** ehf.  
 Smiðjuvegur 4 - 200 Kópavogi  
**GSM 894 0088**  
 hspip@simnet.is

**Viðhaldslagnir** ehf.

Svavar Örn Halldórsson  
 PÍPULAGNINGAMEISTARI  
**GSM 698 2247**  
 vidhaldslagnir@gmail.com



**B. Markan** ehf.  
**Pípuþjóningur**  
 ☎ 660 6690  
 Kvíslartungu 42 - 270 Mosfellsbæ - lagnir@bmarkan.is



**Kári Hilmarsson** vélvirkja- & pípuþjóningameistari  
 Nestúni 5 - 340 Stykkishólmi  
**GSM 869 3164** - gkthjonusta@gmail.com

**MIÐST**  
 Strandvegi 30 - 900 Vestmannaey  
**Sími 48**

# LAGNINGUM Í ÍSLENSKUM BYGGINGARIÐNAÐI Í 98 ÁR!

 <p><b>JÓ Lagnir</b> Fífu hjalli 17 200 Kópavogur GSM 897 4300 jolagnir@simnet.is</p>	 <p><b>Sp Pípulagnir ehf.</b> Dalhúsum 103 - 112 Reykjavík - GSM. 893 0585 sigurdur.pipari@gmail.com</p>	<p>Nethylur 1 - 110 Reykjavík GSM 897 4746 &amp; GSM 896 2908 landslagnir@landslagnir.is</p> 
 <p>– Vetrarbraut 33 – 815 Þorlákshöfn vatnogpipur@gmail.com <b>Vatn og pípur ehf.</b> Sigurður Úlfar Sigurðsson löggiltur pípulagnameistari Sími: 7880044</p>	 <p><b>JBO Pípulagnir</b> Fuglavík 41 – 260 Reykjanesbæ GSM 852 6060 – jonbragi@jbo.is</p>	 <p>Hjörleifur Björnsson, löggiltur pípulagningameistari Almannakór 6 – 203 Kópavogi GSM 856 5525 – hjolli@lagnaafil.is</p>
<p>JJ pípulagnir ehf. Nýbýlavegi 8 200 Kópavogi</p>  <p><b>JJ Pípulagnir ehf</b> GSM 772 3535 jjpipulagnir.is jjpipulagnir@gmail.com</p>	 <p>Örvarsölum24 110 Reykjavík villi@villipipari.is <b>Villi pípari ehf</b> GSM 824 0434</p>	<p><b>Pípulagnir</b> <b>Elvars G Kristinssonar ehf.</b> Jöklafold 2 - 112 Reykjavík GSM 892 9421 - ellipip@simnet.is</p>
 <p><b>HITAVIRKNI EHF.</b> PÍPULAGNINGAÞJÓNUSTA hitavirkni@hitavirkni.is 690 6192</p>	 <p><b>GSO PÍPULAGNIR</b> Dalaland 6 - 108 Reykjavík GSM 763 2227 - gso@gso.is - gso.is</p>	 <p>Pípulagnir Sigurðar Sími: 618-4790 Erum á Höfuðborgarsvæðinu</p>
 <p><b>PÍPULAGNIR</b> <b>FossLagnir ehf.</b> „Getum við aðstoðað“ Sæbólsbraut 31 - 200 Kópavogi GSM 894 1576 – fosslagnir@hotmail.com</p>	 <p><b>PRESS LAGNIR EHF</b> Funafold 29 – 112 Reykjavík presslagnir@simnet.is <b>GSM 898 5115</b></p>	 <p><b>S.O.S. Lagnir ehf.</b> Bíldshöfða 18 110 Reykjavík sos@soslagnir.is GSM 693 9000</p>
 <p><b>JBH PÍPULAGNIR</b> Drekavellir 30 - 221 Hafnarfirði GSM: 696 9675 - jbhpipulagnir@jbhpipulagnir.is</p>	 <p><b>Lagnaleikni</b> Ránargata 30 - 600 Akureyri GSM 888 3969 amundi@lagnaleikni.is</p>	 <p><b>GGLAGNIR ehf.</b> PÍPULAGNINGAÞJÓNUSTA setufráð 1988 Fosshálsi 27-29 - 110 Reykjavík - Sími 517 8870 www.gglagnir.is - gglagnir@gglagnir.is</p>
 <p><b>MegaPíp Megastál</b> Pípulagnir - Gaslagnir - Járnsmiði <b>MegaPíp ehf.</b> Turnahvarfi 4 - 203 Kópavogi GSM 694 3307 - megagas@simnet.is</p>	 <p><b>ÁRÓS PÍPULAGNIR</b></p>	 <p><b>GG Lagnir</b> Grundagötu 56 - 350 Grundarfirði GSM 894 2774 - gxg@simnet.is</p>
 <p><b>HUSA LAGNIR</b> PÍPULAGNINGAÞJÓNUSTA Húsalagnir ehf. Pípulagningabjónusta Gylfaflöt 20 - 112 Reykjavík GSM 893 3632 husalagnir@simnet.is</p>	 <p><b>SB Pípulagnir ehf.</b> Pípulagningabjónusta skipabjónusta Ósabakki 13 - 109 Reykjavík - GSM 898 1870 Netfang stefanbr@simnet.is</p>	<p><b>Tröllalagnir ehf.</b> Jón Auðunn Sigurjónsson pípulagningameistari Auðnukór 3 – 203 Kópavogur GSM: 896 9418 - jon.sig@mi.is</p>
 <p><b>ÖÐIN</b> vjar - midstodin@midstodin.is 1 1475</p>	 <p><b>Mjög lagnir ehf.</b> Kópavogsbraut 62 200 Kópavogi GSM 661 3338 &amp; 853 0273 mjoglagnir@gmail.com <b>MJÖG LAGNIR</b></p>	 <p><b>STOFNLAGNIR</b> PÍPULAGNINGAÞJÓNUSTA Stofnlagnir ehf. Vefarastræti 42 - 270 Mostellsbæ GSM 660 0499 - wc@islandia.is</p>

# Raunfærnimat er frábær leið til að meta færni og þekkingu sem má fá á vinnumarkaði – Getur stytt námið og verið góður hvati til að klára það



Raunfærnimat er leið til að meta þá færni og þekkingu sem öðlast má á vinnumarkaði. Matið getur mögulega stytt nám og verið hvatning til að ljúka því.

Skilyrði fyrir þátttöku í raunfærnimati eru 23 ára aldur og 3 ára staðfest starfsreynsla í viðkomandi grein. Að loknu raunfærnimati er hægt að halda áfram námi og ljúka sveinsprófi.

## Reynsla einstaklinga af raunfærnimati

Fimm ólfrkir einstaklingar deila reynslu sinni og upplifun af raunfærnimati. Halldór Örn Halldórsson er í dag meistari í pípuþögnum. Hann var búinn að vinna í tíu ár við pípuþögnir áður en hann fór í raunfærnimat. Kolbrún Þorsteinsdóttir var búin að vinna við hárgreiðslu í 20 ár áður en hún ákvað að fara í raunfærnimat. Henni fannst ferlið skemmtilegt. Almar Reginn Björns-son hafði starfað í þrjú ár við pípuþögnir þegar hann ákvað að fá reynsluna metna og fara í raunfærnimat. Guðbjörg Ósk Andreasdóttir Gunnarsdóttir bakari er alin upp í bakarí afa sinnar og ömmu og áhuginn á faginu til staðar frá barnaldri. Gunnar Ásgeir Sigurjónsson er mjög reyndur matsaðili í raunfærnimati.

## Ósk um ráðgjöf í raunfærnimati – Iðan fræðslusetur annast raunfærnimat í flestum iðngreinum fyrir utan rafíðngreinar.

Þær greinar sem búið er upp á raunfærnimat á næstunni eru:

- Bílgreinar: Bifvélavirkjun, bílamálun, bifreiðasmíði.
- Bygginga- og mannvirkjagreinar: Húsasmíði, málaraíð, múraraíð, pípuþögnir, skrudgarðyrkja og veggfóðrun- og dúkalögn.
- Matvæla- og veitingagreinar: Bakaríð, framreiðsla, kjötið, matreiðsla, matsveinn og matartækni.
- Mál- og véltæknigreinar: Blikksmíði, vélstjórn, rennismíði, stálsmíði, vélvirkjun og veidarferatækni.
- Prent- og miðlunggreinar: Grafísk miðlung, prentið, ljósmyndun.
- Hársnyrtið.

Það er einfalt að óska eftir ráðgjöf í raunfærnimati, einfaldlega fara inn á [idan.is](http://idan.is) og eftirleikurinn einfaldur.

Allar upplýsingar um m.a. kostnað og tilhögun námsins er að finna inn á vefnum, [idan.is](http://idan.is) og í síma Iðunnar 590 6400. Nánari upplýsingar veita náms- og starfsráðgjafar Iðunnar; [radgjof@idan.is](mailto:radgjof@idan.is).

## Raunfærnimatsferlið:

- Umsókn og gögnum skilað
- Náms- og starfsráðgjafi hefur samband við umsækjanda
- Umsækjandi metur þekkingu sína með því að svara sjálfsmatslistum
- Matssamtal hjá fagaðila og niðurstöður skráðar
- Náms- og starfsráðgjöf, næstu skref

Raunfærnimat unnið í samstarfi við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins og er gengið út frá að eðlilegt sé að meta færni sem til staðar er óháð því hvernig hennar hefur verið aflað. Mat á raunfærni byggir á þeirri hugmynd að nám sé verðmætt og að það sé skjalfest óháð því hvar þess hefur verið aflað.

Umsögn: Það skiptir máli persónulega fyrir mitt starfsfólk að vera með réttindi.

*Sigurður Leifsson, atvinnurekandi.*

**Er vatnið óhreint?**

Hjá S. Hermann ehf. bjóðum við upp á mikið úrval af síum, síuhúsum og UV ljósum til að halda vatninu hreinu og fersku.

- Síur: Hreinsa óhreindi úr vatninu og bæta bragð af neysluvatni.
- UV ljós: Drepa bakteríur.

— Leitid aðstoðar og fáid ráðgjöf!  
— Söluaðilar okkar eru um allt land!

**SHERMANN ehf.**

Sími 568 9421 - [www.shermann.is](http://www.shermann.is) - [shermann@shermann.is](mailto:shermann@shermann.is)

**10 ÁRA GÖM REYNSLA Á ÍSLANDI!**

*Lífrent*  
*hreinsivirki!*

— KÖTTIMA FICHTAÐI —

- Fyrir smáttala, heildshóla, hóla o.s.f.
- Vör GÖM: Hvamshólar — Írlandspatent FÖL vatnið
- Tjú þruga hreinsun — aldrei aðlagar
- Engar aflarhættur — Því hreint vatnið
- 10 ára vörðuga á Íslandi
- Þrátt gegn — DE vatni
- Hreint 2-400 þvottavannar
- Endur fyrir hita vörðuga

**HVAMSHÓLAR**

SMÍÐA- OG REPARATÍONSMANNTALMIÐLAÐI 590 6400 0800 0000000000000000



# Æfingakeppni í Budapest – Undirbúningur fyrir WorldSkills 2026 í Shanghai

Dagana 25. – 27. Mars 2026 fór fram æfingakeppni í Budapest í hinum ýmsu greinum. Þarna var verið að halda landskeppni sambærilega þeirri sem haldin er á „Mín framtíð“ sýningunni hér á landi. Samhliða þessari keppni var haldin æfingakeppni í mismunandi greinum með það að markmiði að undirbúa keppendur sem munu verða fulltrúar Ungverjalands á WorldSkills 2026 í Shanghai í haust. Ísland mun ekki taka þátt þar en við stefnum að þáttöku í Euroskills 2027 í Dusseldorf.


Að þessu sinni bauðst keppanda okkar í pípulögnum að taka þátt í þessari æfingakeppni sem er frábært tækifæri til að hefja æfingafærlið fyrir Euroskills. Tækniskólinn er þátttakandi í Erasmus verkefni ásamt Plumbskills Hungary sem gerði það mögulegt að taka þátt í keppninni.

Þorgeir Sær Gíslason er okkar fulltrúi í pípukeppninni og fór hann ásamt Kristóferi Daða Kárasyni, (sjá mynd af köppunum til hægri), til Budapest í lok mars til að taka þátt í keppninni.

Þorgeir starfar hjá PSK Pípulögnum og er ekki fyrsti keppandi frá því fyrirtæki til að taka þátt í svona keppni.

Keppnin var uppsett á þann hátt að það voru 5 tveggja klukkustunda verkefni og voru þau krefjandi og reyndu vel á. Þorgeir stóð sig vel og var landi og þjóð til sóma.

Það er ljóst að svona æfingakeppni er frábært upphaf undirbúnings fyrir keppnina sem verður á næsta ári í Dusseldorf.



## ALLT TIL GATNAGERÐAR



Garðbekkir

Spindilhús



Niðurföll

Brunnlok



Hita-veitu-  
lok

Allar nánari upplýsingar og pantanir á vörum Járnsteypannar, símar: 420 0300 & 660 0150

**JÁRNSTEPAN** ehf.  
Íðavellir 7b -  
230 Reykjanesbæ

# Húsasmiðjan og General fittings færðu pípulagna- deild Borgarholtsskóla rausnarlegar kennslugjafir



Á myndinni eru talið frá vinstri: Ingi-  
björg Guðmunds, sviðsstjóri Borgarholts-  
skóla og Ásta Laufey, skólameistari Borg-  
arholtsskóla, Bjarki Már, rekstrarstjóri  
Fagmannaverslunar Húsasmiðjunnar.  
Skarphéðinn Skarphéðinsson, pípulagn-  
ingameistari, deildarstjóri og kennari við  
pípulagnadeild Borgarholtsskóla, Jón  
Steinar, vörustjóri hjá Húsasmiðjunni og  
Stefán Jan, deildarstjóri pípulagnadeildar  
Fagmannaverslunar Húsasmiðjunnar.  
Á borðinu er stóreflis Milwaukee tæki frá  
Fagmannaverslun Húsasmiðjunnar, sem  
veitt verður fyrir bestu framistöðun á út-  
skriftarhátíð nýsveina í lok maí n.k.

Húsasmiðjan og General Fittings láta verkin tala; sýna það í verki með veglegri gjöf, að vilja styðja við pípudeild Borgarholtsskóla, og þar með ungt fólk sem er að mennta sig í pípulagningafaginu.

Með þessari rausnarlegu gjöf sýna fyrirtækin Húsasmiðjan og General Fittings hug sinn og mikilvægi þess að styðja við menntun og uppbygg-  
ingu faggreina á Íslandi með stuðningi við pípulagningardeild Borgar-  
holtsskóla. Fyrirtækin gáfu deildinni fittings að andvirði um 800.000  
króna sem mun nýtast nemendum í verklegu námi og efla aðstöðu þeirra  
til æfinga og hjálfnar.

Slíkur stuðningur skiptir sköpum fyrir iðnnám þar sem aðgengi að  
raunverulegum efnun og búnaði er lykilatriði í að undirbúa nemendur  
fyrir störf sín á vinnumarkaði. Með framlaginu fá nemendur tækifæri til  
að vinna með vandað efni sem endurspeglar það sem þeir munu mæta í  
starfi að námi loknu.

Húsasmiðjan lét ekki þar við sitja heldur bætti um betur og verðlaunaði  
þann nemanda sem náði bestum námsárangri með glænýrri sverðsög frá  
Milwaukee. Verðlaunin eru bæði hvatning og viðurkenning á dugnaði  
og metnaði nemandans, auk þess sem þau undirstrika mikilvægi þess að  
leggja sig fram í námi.

Við afhendinguna voru viðstaddir fyrir hönd Húsasmiðjunnar Stefán Jan,



Vitanlega ver  
merki General  
Fittings í há-  
vegum haft við  
athöfnina.

sölustjóri pípulagnaefnis, Jón Steinar Magnússon, vörustjóri fittings og  
hreinlætistækja, og Bjarki Þór Árnason, rekstrarstjóri Fagmannaverslu-  
nar Húsasmiðjunnar. Einnig bað Marcello Borra, sölustjóri hjá General  
Fittings, fyrir kveðju og lagði áherslu á mikilvægi verkefnisins: „Það  
er ánægjulegt að koma að uppbyggingu pípulagnanáms á Íslandi með  
þessum hætti.“

Að sögn forsvarsmanna fyrirtækjanna er stuðningurinn hluti af stærri  
sýn þar sem lögd er áhersla á að efla tengsl atvinnulífs og menntunar.  
„Það er mikilvægt að styðja við okkar framtíðar viðskiptavini,“ segir í  
sameiginlegri yfirlýsingu. Með því að fjárfesta í nemendum í dag eru  
fyrirtækin að leggja grunn að sterkari og faglegri iðngrein til framtíðar.  
Samstarf sem þetta er gott dæmi um hvernig fyrirtæki geta haft jákvæð  
áhrif á menntakerfið og samfélagið í heild. Með auknum stuðningi við  
iðnnám má tryggja að nægilega margir vel menntaðir fagmenn standi til  
boða á komandi árum – sem er lykilatriði fyrir áframhaldandi uppbygg-  
ingu og þróun íslensks atvinnulífs.

## Glæsilegur hópur pípulagnanema Borgarholtsskóla



Á myndinni hér að ofan má sjá glæsilegann hóp nema í pípulögnum  
sem voru að klára sitt nám og útskrifast til lokaáfangans, það er til  
að hefja starfsþjálfun, sem er hluti af Ferilbókinni margumtöluðu.  
Myndin er tekin við sama tækifæri og þegar Húsasmiðjan og Gen-  
eral Fittings afhentu Pípulagnadeild Borgarholtsskóla glæsilega  
gjöf í formi fittings og tilheyrandi. Þegar þeir hjá Húsasmiðjunni  
fréttu af þessu þá brugðust þeir við og afhentu nemunum flotta

blómvendi, eins og sjá má á myndinni að ofan.

Lærifaðirinn sjálfur, Skarphéðinn Skarphéðinsson, pípulagn-  
ingameistari, deildarstjóri og kennari við Pípudeild Borgó  
stendur stoltur með sínu fólk; hann er fjórði talið frá vinstri.  
Fréttapíp óskar þessum efnilegu og glaðbeittu ungmennum inni-  
lega til hamingju með áfangann og óskar þeim velfarnaðar.



## Stuðningur Húsasmiðjunnar og General Fittings við skólann er ómetanlegur

Ásta Laufey, skólameistari Borgarholtsskóla fékk afhentan glæsilegann blómvönd frá Húsasmiðjunni og General Fittings í tilefni dagsins. Ásta Laufey flutti ávarp og færði fyrirtækjunum þakkir fyrir þessa rausnarlegu gjöf. Laufey sagði meðal annars hve mililvægt væri að eiga góð samskipti við birgja, enda mikill kostnaður sem fylgir því að koma nemum í gegnum iðnnám.



## Prófstyckið góða

Á myndinni hér að ofan er prófstykkið sem nemarnir á myndinni hér til vinstri þurftu að vinna og það er að sjálfsgöðu eftir Skarphéðinn Skarphéðinsson, pípu- lagningameistara og deildarstjóra Pípu- lagnadeildar Borgó. Myndin er tekin af bási eins nemandans. Skemmtilegt handbragð.

# Niðurföll

**SJÁ NÁNAR Á LOFT.IS**

Fyrir utan bílskúrinn, bílaplanið og skemmuna

*Nicoll*

Fyrir allar aðstæður

**LOFT&RAFTÆKI**  
Hjallabrekku 1 | Dalbrekkumegin | 200 Kópavogi | S: 5643000 | www.loft.is

# KLÆDDU ÞIG VEL!

PEYSUR

JAKKAR

ÚLPUR

BUXUR

SKÓR

WORKWEAR.IS

WORKWEAR.IS



# IÐAN

ÞRÓUN & ÞEKING Í 20 ÁR

*Mikið og fjölbreytt úrval  
áhugaverðra námskeiða fyrir  
fagfólk – Allar upplýsingar má  
finna inná vef Iðunnar:  
[www.idan.is](http://www.idan.is)*

## Öryggistrúnaðarmenn og öryggisverðir Í samstarfi við Vinnuvernd ehf

Lykilhlutverk í vinnuvernd – þekking og verkfæri fyrir öryggisfulltrúa á vinnustöðum.

**Fyrir hverja:** Námskeiðið er ætlað öryggistrúnaðarmönnum, öryggisvörðum og öðrum sem gegna hlutverki í vinnuvernd, t.d. innan öryggisnefnda eða í stjórnun á vinnustað.

**Markmið:** Að veita þátttakendum skýra yfirsýn yfir hlutverk sitt í öryggismálum og veita þá þekkingu og verkfæri sem nauðsynleg eru til að framkvæma áhættumat og tryggja öruggt vinnuumhverfi.

**Lýsing:** Á námskeiðinu er farið yfir hlutverk öryggistrúnaðarmanna, öryggisvarða og öryggisnefnda, ásamt lögum og reglugerðum sem gilda um vinnuvernd. Fjallað er um helstu þætti sem snúa að heilsu og öryggi starfsmanna, s.s. líkamsbeitingu, vélbúnað, inniloft, hávaða, lýsingu, efni, og sálfélaglegt vinnuumhverfi með áherslu á einelti og áreitni. Sérstök áhersla er lögð á áhættumat starfa – framkvæmd þess, úrvinnslu og eftirfylgni.

**Námskeiðið er kennt í fjarnámi.**

Viku fyrir fjarfund fá þátttakendur aðgang að fyrirlestrum og verkefnum. Þeir skoða efnið sjálfstætt og ljúka síðan námskeiðinu með þátttöku í lifandi útsendingu í gegnum Google Meet.

**Aðrar upplýsingar:** Fjarnámsform tryggir sveigjanleika, aðgangur að efni námskeiðsins fá þátttakendur áður en námskeiðið hefst. Nauðsynlegt er að hafa aðgang að tölvu með tengingu við Google Meet.

### Hagnýtar upplýsingar:

- **Lengd:** 2 klst. (+ sjálfstætt nám u.þ.b. 5 klst.)
- **Kennari:** Kennarar frá Vinnuverndarnámskeið ehf
- **Staðsetning:** Fjarnám (Google Meet)
- **Tímasetning:** kl. 13:00–15:00

**Stutt áhættugreining:** Námskeiðið fjallar sérstaklega um áhættugreiningar og vinnuvernd, og felur í sér litla eða enga líkamlega áhættu þar sem það er kennt í fjarnámi. Áhættan felst fremur í því að vinna með viðfangsefni sem geta haft raunveruleg áhrif á öryggi annarra. Því er mikilvægt að ná góðum skilningi á efninu og vera virkur í verkefnavinnu.

**18. maí 2026 kl: 13:00 - 15:00**

**Fyrirkomulag kennslu:** Fjarnám

**Námsmat:** Mæting og verkefnavinna

**Tengiliður:** Guðrún Hjaltalín Guðjónsdóttir - [gudrun@idan.is](mailto:gudrun@idan.is)

**Kennari:** Kennarar frá Vinnuverndar-námskeið ehf

Sérfræðingar í öryggis- og vinnuverndarstarfi á vinnustöðum

## Ábyrgð byggingastjóra

Námskeið er fyrir þau sem ætla sér að öðlast starfsleyfi byggingarstjóra skv. grein 4.7.3 í byggingarreglugerð.

**Fyrir hverja:** Þetta námskeið er fyrir þau sem ætla sér að öðlast starfsleyfi byggingarstjóra skv. grein 4.7.3 í byggingarreglugerð.

**Markmið:** Markmið þess er að upplýsa þátttakendur um ábyrgð sína og skyldur sem byggingarstjórar.

**Á námskeiðinu verður fjallað um:**

- Byggingarleyfi og önnur samskipti sem byggingarstjóri þarf að eiga við byggingaryfirvöld.
- Hlutverk og ábyrgð byggingarstjóra við verkframkvæmdir og meðhöndlun uppdráttar
- Lög, reglugerðir, tryggingar og tryggingaslit.
- Gildi og framkvæmd úttekta, s.s. áfanga-, fokheldis-, stöðu- og lokaúttekta.
- Gæðakerfi byggingarstjóra

**Að loknu námskeiði á nemandi að:**

- Þekkja hlutverk og ábyrgð byggingastjóra við verklegar framkvæmdir.
- Gera sér grein fyrir þeirri ábyrgð sem fylgir starfinu.
- Geta öðlast starfsleyfi byggingarstjóra að uppfylltum öðrum skilyrðum skv. kröfum mannvirkjalaga og byggingareglugerðar.

**Annað:** Námskeiðið er haldið í samvinnu við Húsnæðis- og mannvirkjastofnun.

**Staðsetning:** Iðan fræðslusetur, Vatnagarðar 20, 104 Reykjavík

18. maí 2026 kl: 08:30 - 14:30

19. maí 2026 kl: 08:30 - 14:30

**Fyrirkomulag kennslu:** Staðnám með möguleika á fjarnámi

**Námsmat:** Próf

**Tengiliður:** Guðrún Hjaltalín Guðjónsdóttir - [gudrun@idan.is](mailto:gudrun@idan.is)

## Aukið öryggi í bygginga- og mannvirkjagreinum Í samstarfi við Öryggisskóla iðnaðarins

Námskeiðið fjallar um hvernig hægt er að efla öryggismenningu í bygginga- og mannvirkjagreinum með nýrri, nútímalegri nálgun sem leggur áherslu á að vinna með aðferðir, aðstæður og vinnuumhverfi. Þátttakendur læra hvernig traust, opnar umræður og

# Afmælisgjöf til félagsfólks Iðunnar

Í ár fagnar Iðan 20 ára afmæli, tveimur áratugum af þróun, þekkingu og öfluglu samstarfi við fagfólk um allt land. Af því tilefni



viljum við þakka félagsfólki okkar fyrir samfylgdina með því að gefa ókeypissvefnámskeið að eigin vali.

Hvort sem þú vilt bæta við þig nýrri færni, dýpka þekkingu eða prófa eitthvað nýtt, þá er þetta rétta tækifæri til að fjárfesta í sjálfum þér, algerlega á þínum forsendum.

Við hlökkum til að halda áfram að vaxa með þér næstu 20 árin.

Smelltu þér inn á idan.is til að skoða námskeiðin sem í boði eru á vefnum

eða njóttu þess að fletta bæklingnum okkar sem þar er að finna.

## IÐAN

PRÓUN & ÞEKING Í 20 ÁR

Ög ekki gleyma– Allar upplýsingar er að finna á idan.is

markviss lærdómur geta stutt við breytingar á viðhorfum og skapað öruggara og stöðugra vinnuumhverfi.

**Fyrir hverja:** Námskeiðið er fyrir alla sem vilja styrkja öryggismenningu, bæta ákvarðanatöku og auka faglegan árangur í bygginga- og mannvirkjageiranum.

- Stjórnendur, verkstjórar og verkefnastjórar sem vilja leiða breytingar á vinnustað
- Gæðastjórar og öryggisstjórar sem vilja efla kerfisbundið öryggis- og gæðastarf
- Fyrirtækjaeigendur og lykilákvæðendur sem vilja fjárfesta í öruggari og skilvirkari starfsemi
- Verkkaupa í opinberum og einkareknum framkvæmdum sem vilja tryggja gæði og öryggi frá fyrstu ákvörðun
- Opinbera starfsmenn sem starfa við útboð, útboðsgerð og verkkaupaferli og vilja byggja inn sterkari öryggissjónarmið
- Alla sem hafa áhrif á öryggi, skipulag eða framkvæmd verkefna

**Markmið:** Markmiðið er að byggja ofan á þann öryggisþekkingargrunn sem þátttakendur þegar hafa og bjóða upp á nýja nálgun sem hjálpar til við að endurhugsa hefðbundna sýn og nálgast öryggismál á dýpri og markvissari hátt.

- Skilja helstu meginreglur nýrrar öryggisnálgunar og hvernig hún breytir hefðbundnum áherslum
- Læra að greina hættur, veikleika og gildirur í verkferlum og skipulagi
- Þróa færni í að spyrja opnar, gagnlegar spurningar og byggja upp traust á verkstöðum
- Fá skýra innsýn í hvernig stjórnendur geta leitt öryggisstarf með áherslu á lærdóm, samvinnu og umbætur

**Skipulag:** Námið er staðarnám og kennt frá 09:00 – 12:30. Kennt verður á föstudögum.

**Ávinningur:** Námskeiðið veitir þátttakendum skýra og hagnýta innsýn í hvernig hægt er að byggja upp öruggara, skilvirkara og faglegra vinnuumhverfi með nútímalegri nálgun á öryggisstarf.

Þú færð meðal annars:

- Nýja sýn á öryggi – frá einstaklingsáherslu yfir í greiningu á kerfum, aðstæðum og vinnuflæði
- Betri ákvarðanatöku með dýpri skilningi á því hvað raunverulega skapar áhættu
- Öflugri samskiptafærni sem stuðlar að trausti, gagnsæi og opnum umræðum
- Verkfæri til að læra af atvikum og breyta frávikum í umbótatækifæri
- Sterkari öryggismenningu sem byggir á fagmennsku og stöðugri þróun
- Hagnýtar, innleiðanlegar aðferðir sem nýtast strax í daglegum aðstæðum

**Staðsetning:** Stórhöfði 27, Stórhöfði 27, 110 Reykjavík  
22. maí 2026 kl: 09:00 - 12:30

**Fyrirkomulag kennslu:** Staðnám

**Námsmat:** Mæting og verkefnavinna

**Tengiliður:** Guðrún Hjaltalín Guðjónsdóttir - gudrun@idan.is

**Kennari:** Eyjólfur Bjarnason, Byggingatæknifræðingur

## Grunnnámskeið í Bluebeam Revu – Mælingar og magntökur Í samstarfi við NTI á Íslandi

Á þessu námskeiði fæst góð yfirsýn yfir Bluebeam Revu og hvernig hægt er að nýta hugbúnaðinn til að vinna markvissst með PDF-skjöl í byggingargeiranum.

Sérstök áhersla er lögð á mælingar og magntökur og hvernig draga má út gögn yfir í Excel og PDF.

**Fyrir hverja:** Námskeiðið hentar þeim sem vilja spara tíma, draga úr villum, skjalfesta magntökur og nýta Bluebeam Revu á skilvirkan hátt í sínum verkefnum.

**Markmið:** Að þáttakendur öðlist skilning á viðmóti Bluebeam Revu og kunni nota það á skilvirkan hátt.

**Á námskeiðinu verður fjallað um:**

- Bluebeam Revu hugbúnaðinn (útgáfan „Complete“)
- Tool Chest og hvernig á að nýta hana
- Mælingar og magntökur
- Útdráttur gagna yfir í Excel og PDF
- Yfirlit yfir aðrar útgáfur af Bluebeam Revu

**Að loknu námskeiði á nemandi að:**

- Hafa traustan skilning á viðmóti Bluebeam Revu.
- Kunna að framkvæma nákvæmar mælingar og magntökur og flytja gögn yfir í Excel eða PDF.
- Hafa góða yfirsýn yfir hvernig hægt er að nýta hugbúnaðinn í samvinnu við aðra.

**Aðrar upplýsingar:** Námskeiðið er haldið af NTI þar sem þáttakendur munu fá:

- Aðgang að vefkennslusvæðinu My NTI Academy
- Stafrænt vottorð að námskeiði loknu.
- Námenfni á ensku og kennslu á íslensku.
- Hádegismat, hressingu í pásnum og kaffi/te.

**Staðsetning:** NTI, Skeifan 19 4. hæð, 108 Reykjavík  
15. júní 2026 kl: 09:00 - 16:00

**Fyrirkomulag kennslu:** Staðnám

**Námsmat:** Mæting og verkefnavinna

**Tengiliður:** Guðrún Hjaltalín Guðjónsdóttir - gudrun@idan.is

**Kennari:** Kennarar frá NTI

# Ný spegilsuðuvél hjá Set – Sú stærsta og öflugasta hérlandis

Set hefur tekið í notkun nýja og öfluga spegilsuðuvél á Selfossi – tæki sem er það stærsta sinnar tegundar á Íslandi og markar stórt framfaraskref í þjónustu okkar við viðskiptavinum.

Nýja vélin gerir kleift að spegilsjóða fittings frá 630 mm upp í 1200 mm, sem stóreykur afkastagetu, sveigjanleika og nákvæmni í verkefnum þar sem unnið er með stórar PE-lagnir. Með þessari tæknibót styrkjum við stöðu okkar sem leiðandi framleiðslufyrirtæki á sviði plast- og lagnaframleiðslu á Íslandi.

Starfsmenn Sets taka stóru verkefnum alvarlega – og með þessari vél getur fyrirtækið sinnt stærri og flóknari verkefnum en nokkru sinni fyrr.


Vélin gefur nýja möguleika í uppsetningu, framleiðslu og sérlausnum fyrir samgöngumannvirki, vatnsveitufyrirtæki, orkufyrirtæki og fleiri aðila sem treysta á áreiðanlegar og endingargóðar lausnir úr PE-plasti.

## Helstu kostir nýju suðuvélarinnar:

- Spegilsuðar frá 630–1200 mm
- Öflugri vinnsluhraði og meiri afköst
- Mjög nákvæm og jafnaro suða fyrir stórverkefni
- Bætt öryggi og áreiðanleiki í öllum verklagsferlum
- Auknir möguleikar í stórum innlendum innviðafrankvæmdum

## Sterkari þjónusta – betri lausnir

Með þessari fjárfestingu er haldið áfram að bygja upp innviði Set sem traustan samstarfsaðila í lagna-kerfum landsins. Starfsfólk Sets er stolt af því að efla framleiðslu á Selfossi og bjóða viðskiptavinum okkar betri og skilvirkari lausnir en áður.



## Sameiginlegar verklýsingar gætu sparað milljarða

Yfir 50 manns sóttu vinnustofu hjá HMS miðvikudaginn 8. apríl þar sem rætt var um mótun sameiginlegs verklýsingagrunns fyrir íslensk-ann mannvirkjajaiðnað. Verkefnið er hluti af aðgerðaáætlun Burðar, samstarfsvettvangs mannvirkjarannsóknar og prófana. Markmiðið er að auka bæði skilvirkni og gæði. Áætlað er að samræmdar verklýsingar geti skilað verulegum sparnaði í mannvirkjagerð á komandi árum. Á vinnustofunni voru lögð drög að framtíðarsýn og rætt um kosti og galla þess að stofna sjálfstæð félagasamtök, Verklýsingar Íslands, að fyrirmynd BIM Ísland. Slík félagasamtök myndu þróa og hýsa samræmdar grunnverklýsingar fyrir húsnæðis- og mannvirkjagerð á landsvísu.

### Af hverju núna?

Gerð samræmdra grunnverklýsinga í mannvirkjagerð á Íslandi er ekki nýtt verkefni. Á síðustu árum hefur þó nokkrum sinnum verið hafin vegferð að undirbúningi þeirra. Í dag er hins vegar kominn kraftur í verkefnið aftur þar sem það er hluti aðgerða í Vegvísi að bættu rannsóknarumhverfi og þar með eitt verkefna Burðar. Árið 2024 fékk Verkplani ehf. styrk úr Aski – mannvirkjarannsóknarsjóði. Markmiðið var að samræma grunnverklýsingar á Íslandi og verkefnið unnið í samstarfi við Vegagerðina. Í framhaldi af þeirri vinnu var myndaður hópur sem hélt utan um vinnustofuna. Í honum eru fulltrúar frá HMS og Burði, Samtökum iðnaðarins, Vegagerðinni, FSRE og Verkplani.

### Hvers vegna eru verklýsingar ekki samræmdar?

Verklýsingar hér á landi eru ekki samræmdar milli verkkaupa sem

getur leitt til óskýrra krafna og væntinga. Þetta getur valdið miklum mismuni í kostnaðaráætlunum, aukaverkum og þar af leiðandi óvissu í verðlagningu tilboða sem getur numið allt að 20-40%. Stórir verkkaupar þekkja vandann vel en skortur hefur verið á sameiginlegu átaki til úrbóta. Lærdómur úr fyrri verkefnum skilar sér sjaldan áfram, sem leiðir til endurtekninga á mistökum.

Hluti af þessari stafrænu vegferð byggir á staðlinum ÍST NS 3459:2023 sem lýsir því hvernig flytja eigi upplýsingar rafrænt milli kerfa í byggingar- og mannvirkjaverkefnum. Þetta tryggir hnökralaus samskipti milli kerfa óháð því hvaða hugbúnaður er notaður og styður vel við Open BIM hugmyndafræðina.

### Sparnaður við eina stóra framkvæmd stendur undir kostnaði verklýsingagrunns

Samkvæmt greiningum frá Verkplani ehf. er áætlað að samræmdar verklýsingar geti skilað allt að 2-5% sparnaði af framkvæmdakostnaði. Sem dæmi gæti framkvæmd eins og á Arnarnesvegi numið 138 - 347 milljónum króna. Í nágrannalöndum okkar hafa svipuð kerfi verið notuð áratugum saman með góðum árangri og hafa þar með tryggt betri nýtingu fjármuna.

Vinnustofan staðfesti mikinn vilja innan iðnaðarins og þeirra sem vinna með opinber innkaup til að vinna saman að þessu mikilvæga verkefni.

Næstu skref felja í sér frekari mótun skipulags, ábyrgðar og fjármögnunar verkefnisins. Allar nánari upplýsingar um framgang málsins má finna á [hms.is](https://hms.is)

# Endurútgáfa RB-blaða hjá HMS hlýtur góðar viðtökur

HMS hefur endurvakið útgáfu á Rb-blöðunum, sem eru tækni- og leiðbeiningablöð um mannvirkjagerð. Viðfangsefni Rb-blaðanna hafa verið fjölbreytt í gegnum tíðina. Í tilefni útgáfu nýrra blaða endurútgefur HMS eldri blöð í lok hvers mánaðar sem tengjast málefnum líðandi stundar.

Rb-blaðið Frágangur votrýma var gefið út í desember 2016 af Nýsköpunarmiðstöð Íslands. Höfundur blaðsins er Jón Sigurjónsson.

Blaðið fjallar um frágang votrýma, val á þéttilögum og efnum og hvernig draga má úr vatnstjóni vegna leka frá lögnum. Fjallað er um algengustu orsakir vatnstjóna og helstu tjónastaði. Þá er sett fram markmiðssetning fyrir röralagir, gólfniðurföll og fleiri þætti við frágang votrýma til að draga út tíðni vatnstjóna. Einnig er stuttlega fjallað um innivist votrýma og frágang veggja og gólfa, svo sem timburinnveggja, útveggja og gólfefna. Votrými eru mikilvæg en valda oft vandræðum og skemmdum. Í votrýmum er notað meira en helmingur af vatni hússins. Frágangur votrýma byggir á samráði og góðri samvinnu margra iðngreina, svo sem trésmiða, múrara, pípulagninga-manna, dúklagningarmanna og rafvirkja. Því er mikilvægt að skipuleggja verkið vel frá upphafi og vanda til verka.

## Þetta Rb-blað mánaðarins fjallar í þetta skiptið um hitamyndun húsa

• Rb-blað mánaðarins var gefið út í september 2013 og lýsir það hitamyndun með varma-myndavél sem sýnir breytilegan yfirborðshita mismunandi byggingarluta eftir uppbyggingu og varmamótstöðu þeirra. Hitamyndun greinir og sýnir mismunandi varmamótstöðu byggingarluta og loftleka. Aðferðin er heppileg til að skoða og fylgjast með varmateknilegum eiginleikum og orkutapseiginleikum byggingarluta, einkum þegar þarf yfirsýn yfir stóra fleti eða þegar myndræn lýsing er æskileg. Blaðið má nálgast með því að fara inn á heimasíðu Mannvirkjastofnunar, [hms.is](http://hms.is).

• Önnur útgefin Rb-blöð má nálgast með því að fara inn á vefinn [hms.is](http://hms.is).

## Hitamyndun húsa

Varmatap bygginga að skiptir máli, sérstaklega þegar kólna fer í veðri. Unnt er að nota hitamyndun til að staðsetja varmatap, kuldabryr og loftlekastaði.

Einnig til að skoða lagnir í byggingum, t.d. kælliraftra, hitakapla og gólfhitarör, rafbúnað o.s.fv. Auk þess gagnast hún við nákvæmar hitamælingar og til að fá gott yfirlit yfir geislunarstuðla yfirborðsflata byggingar.

Að kanna reglulega varmatap í byggingum skiptir miklu máli t.d. fyrir orkunotkun, þægindi og umhverfisáhrif.

- Þegar varmi tapast í byggingarluta þarf að auka afköst húshitunarkerfis til að halda ásættanlegu hitastigi.
- Varmatap getur þýtt aukin orkunotkun og hærri hitunarkostnaður.
- Rétt notkun á einangrun og aukinn loftþéttileiki á tilteknum stöðum getur dregið úr hættu á myglumyndun og rakavandamálum.

# Allt fyrir pípulagnirnar

Lagnadeildir Húsasmiðjunnar



Hafðu samband við sölumann varðandi ráðgjöf og tilboð.

[lagnir@husa.is](mailto:lagnir@husa.is) - Sími: 525 3430



HÚSASMÍÐJAN

Kjalarvogur - Grafarholt - Hafnarfjörður



Þar sem tvær lagnir koma saman þar ætti að vera brunnur

Byggingafræðingur þarf að tryggja þau setti við allar byggingarandi ornið öryggi og kostnaðsþægilegri tilgátt í að hafa aðgang að lögnum útafhúsi vegna efri- og viðræna.

Sæplast framleiðir brunnir af litvélvagna í polyethylene-efni PE.

Í Sæplast vörulínu er fjölbreytt úrval brunnra til að mæta mismunandi notkunarþörfum. Brunnar eru fáanlegir í þremur þvermálstærðum: 400 mm, 600 mm og 1000 mm. ATH: Vægt er að fá upplýsingar á stafrunum.

Lest í byggingafræðingunum um land allt.

Sæplast ráðleggur af önd að leita til tegalls um aðsetningu á brunnar.

SÆPLAST • Gæðastíval 12 • 600 Stak • Sími 401 5000 • [www.saeplast.is](http://www.saeplast.is) • [www.saeplast.com](http://www.saeplast.com) • Sími 401 5000

Komdu í stærstu vefverslun landsins fyrir vatnsveitu og pípulagnir

Smiðjuvegi 68-72  
200 Kópavogi  
Sími 575 9300

[vatnogveitur.is](http://vatnogveitur.is)  
[vatnogveitur@vatnogveitur.is](mailto:vatnogveitur@vatnogveitur.is)



**HVER SEM  
HUGMYNDIN  
ER, ÞÁ GERUM  
VIÐ ÞETTA SAMAN**

**BYKO**  
GERUM ÞETTA SAMAN

**BIRTA**  
LÍFVYRISLÓÐUR

REIKNUM MEÐ FRAMTÍÐINI

TRYGGÐU ÞÉR 2% LAUNAHÆKKUN  
MEÐ SÉREIGNARSPARNADI

Kynntu þér málið á [birta.is](http://birta.is)

Sundagörðum 2 | 104 Reykjavík | 480 7000 | [birta.is](http://birta.is)

**Heildarlausnir**  
Í UTANHÚSSLÖGNUM

Við seljum ykkur lagnaefni fyrir kalt vatn, fráveitur og hitaveitu.  
Ídráttarrör og ídráttarbarka af öllum stærðum.  
Gerum tilboð og afhendum á verkstað.

„Þjónusta og gæði sem þú getur treyst“



**Hafðu samband**  
og fáðu ráðgjöf sem  
hentar þínu verki

**ÍS RÖR**  
Utanhússlagnir og svo margt fleira



566-1099



Hringhella 12 - 221 Hafnarfjall



[laror@laror.is](mailto:laror@laror.is)



[www.laror.is](http://www.laror.is)

Consultertími

Mánud - fimfundag | 08:00 - 17:00  
Föstudagur | 08:00 - 15:00



**Tengigrindur** af öllum stærðum og gerðum

Við bjóðum tengigrindur sem eru sérstaklega hannaðar fyrir **lokuð hitakerfi** híbýla með uppblöndun á framrás lokaða kerfisins.

Tengigrindur fyrir **neysluvatn**, ofnhita, **heita potta**, snjóbræðslu, **gólfhita**, einbýli, **fjölbýli** o.fl.

ENGINEERING  
TOMORROW

**Danfoss**

**ACO**

**aquatherm**

**hawle**

**MAINCOR**

**TECE**

**wilo**

**VATN & VEITUR**

Smíðjuvegi 68 - 72 Kópavogi  
Bólafæti 1 Reykjanesbæ